

Fylgiskjal I

Höfundur fór þess á leit við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu í mars 2018 að fá afhentar upplýsingar um tölfraði sem fram kemur í tveimur töflum hér að aftan. Hjá lögreglunni eru brot skráð með vísan til heimfærslu þeirra til hgl., t.d.: 1940-019-217-001 – Líkamsárás (217). Þetta er í raun minniháttar líkamsárás og vísar til fyrstu málsgreinar 217. gr. hgl. Brotin eru skráð í kerfi lögreglunnar með vísan í heimfærslu til lagaákvæða og svo talin á þeim grundvelli. Með brotunum er alltaf skráður verkefnaflokkurinn heimilisofbeldi og með honum er hægt að velja tengsl aðila.

Tafla I

Tafla I sýnir skráningu lögreglu á höfuðborgarsvæðinu, á tímabilinu 2. desember 2014 til júlí 2017, á hvers konar brot áttu sér stað í málum varðandi heimilisofbeldi,¹ sem lögregla hafði afskipti af. Líkt og kemur fram þá er í flestum málum lögreglu um að ræða minniháttar líkamsmeiðingar.

Ofbeldi	%
Minniháttar líkamsmeiðingar	74
Hótanir	21
Eignaspjöll	19
Húsbrot	6
Brot gegn barnaverndarlögum	4
Kynferðisbrot	3
233. gr. b hgl.	1
Brot gegn nálgunarbanni	1

¹ Höfundur notar hugtakið heimilisofbeldi í samræmi við hugtakanotkun lögreglu: Heimilisofbeldi er ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir af nákomnum, þ.e. gerandi og þolandi eru skyldir, tengdir eða hafa sögu um tengsl, sbr. 2. gr. verklagsreglna Ríkislögreglustjóra um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála frá 13. september 2018. Ofbeldið getur verið líkamlegt, andlegt, kynferðislegt og/eða fjárhagslegt og felur í sér valdbeitingu eða hótun um valdbeitingu, sbr. 1. gr.

Tafla II

Tafla II sýnir fjölda manndrápa frá árinu 2003 til júlí 2017. Á þeim tíma voru 24 manndráp á Íslandi, 50% eða 12 mál falla undir skilgreiningu lögreglu á heimilisofbeldi. Þá í 38% tilvika eða í 9 málum voru aðilar í nánum tengslum samkvæmt skilgreiningu lögreglu.

